



TOLLSTJÓRINN Í REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. **P** 132/209/
komudagur 8.S. 2006
8. maí 2006.

**Nefndasvið Alþingis,
Austurstræti 8-10,
150 REYKJAVÍK**

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands, 694. mál.

Með bréfi Allsherjarnefndar Alþingis, dags. 12. apríl sl., var embættinu sent til umsagnar frumvarp til laga um Landhelgisgæslu Íslands, 694. mál.

Í frumvarpinu er gerður greinarmunur á aðstoð Landhelgisgæslunnar við tollyfirvöld, annars vegar, og lögregluvirkvöld, hins vegar. Samkvæmt 9. tölulið 1. mgr. 5. gr. er tollestirlit meðal þeirra verkefna Landhelgisgæslunnar sem hún á að geta gert um þjónustusamning, en ekki er gert ráð fyrir slíkri formlegri umgjörð um aðstoð Landhelgisgæslunnar við almenna löggæslu, sbr. 2. tölulið 2. mgr. 4. gr. Þjónustusamningur sem hér um ræðir hefði ekki síst þann tilgang að tryggja Landhelgisgæslunni greiðslur fyrir viðkomandi störf. Verði frumvarpið að þessu leyti óbreytt að lögum, verður það breyting á því sem gilt hefur, enda er slíkur greinarmunur ekki gerður í g-lið 1. gr. laga nr. 25/1967 um Landhelgisgæsluna.

Í tollalöggjöf hefur um langt árabil verið fjallað um aðkomu Landhelgisgæslunnar að toll-
eftirliti, sbr. 152. gr. tollalaga nr. 88/2005 og áður 36. gr. tollalaga nr. 55/1987, 4. gr. laga
nr. 59/1969 um tollheimtu og tollestirlit nr. 59/1969 og 21. gr. laga nr. 68/1956, um sama
efni. Hefur ekki sérstaklega verið fjallað um greiðslu kostnaðar við slíka aðstoð Land-
helgisgæslunnar við tollyfirvöld.

Embættið telur að það eigi ekki að gera þann greinarmun á tollestirliti og almennri lög-
gæslu sem að framan er lýst og leyfir sér því að leggja til að frumvarpinu verði breytt, t.d.
með því að bæta orðunum „og aðstoð við tollestirlit í samvinnu við tollyfirvöld“ við 2.
tölulið 2. mgr. 4. gr. og fella niður 9. tölulið 1. mgr. 5. gr.

Að öðru leyti gerir embættið ekki athugasemdir við frumvarpið.

Beiðst er velvirðingar á þeim drætti sem orðið hefur á þessari umsögn.

Virðingarfyllst,

f.h.t.

Hermann Guðmundsson, lögfræðingur
Lögfræðideild tollasviðs TSR